

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar
vegna Leiðarhöfða á Höfn.

Skipulagsstofnun staðfesti 25. janúar 2024 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. desember 2023.

Í breytingunni felst stækkun á óskilgreindu opnu svæði sem verður skilgreint sem nýtt opið svæði (OP5). Íbúðarbyggðin Höfði (ÍB4) minnkar til samræmis og fráveita (I4) færir til.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 25. janúar 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 8. febrúar 2024